

Sextugasti og fyrsti fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn 18. maí 2021 í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Örvar Þór Guðmundsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Valborg Anna Ólafsdóttir og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð. Marianna Helgadóttir kom inn á fundinn undir 5. lið.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.

- a) Auður Ósk Ingimarsdóttir f.h. Fótaaðgerðarstofu Mosfellsbæjar ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir fótaaðgerðarstofu að Þverholti 3 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 27. apríl.
„Staðfest.“
- b) Kjartan Geirsson f.h. Skrautfiska hf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gæludýraverslun að Lerkibýggð 5 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 12. maí.
„Staðfest.“
- c) Guðmundur Hallbergsson sækir um tímabundið leyfi fyrir niðurrifi og förgun á hálfbrunnu sumarhúsi við Hafravatnsveg í Miðdalslandi í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi þann 6. maí með gildistíma frá 7. maí til 25. maí 2021.
„Staðfest.“
- d) Geir Rúnar Birgisson f.h. GRB ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir kjötbúð að Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli þann 17. maí.
„Staðfest.“

2. Umsagnir um erindi stjórnvalds.

- a) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 14. apríl 2021 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi Höklar ehf, kt. 510920-0230, fyrir rekstri gististaðar í flokki IV tegund stærri gistiheimili, fyrir Veiðihúsið við Laxá í Kjós að Ásgarði í Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 27. apríl 2021.
„Staðfest.“

3. Umsagnir um skipulag.

- a) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 14. apríl um breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjarkarholt.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 30. apríl lögð fram.
- b) Mosfellsbær sendir beiðni um umsögn dagsett 14. apríl um breytingu á deiliskipulagi fyrir 4. áfanga Helgafellshverfis.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. maí lögð fram.

4. Leirvogstungumelar.

Heilbrigðisfulltrúi fór í eftirlit á geymslusvæði Vöku með framkvæmdastjóra þann 28. apríl s.l. Búið var að hreinsa meira til á svæðinu. Á svæði 1, sem er um 1,75 ha.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

eru þó ennþá geymdir ýmsir munir á um 0,75 ha. svæði, t.d. lokaðir gámar, stór ökutæki, lyftarar, gámar með köplum og málmi, byggingarefni, niðurrifin eikarbátur, ásamt ýmsu öðru. Myndir voru teknar.

Með bréfi dagsettu 7. maí kærir Vaka ákvörðun Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, sem tekin var á 60. fundi heilbrigðisnefndarinnar 7. apríl sl. að leggja dagsektir á Vöku frá og með 1. maí þar til svæði Vöku á Leirvogstungumelum hefur verið hreinsað af öllum úrgangi. Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varðar og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna, 30 dagar frá dagsetningu tilkynningar.

„Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að svara úrskurðarnefndinni.“

5. Tjaldanes

Heilbrigðisfulltrúi fór í eftirlit í Tjaldanes með pípulagnameistara verksins ásamt umsjónarmanni framkvæmda fyrir Fylki þann 27. apríl s.l. Myndir voru teknar. Staða framkvæmda var að báðar hreinsistöðvarnar voru komnar niður ásamt meðfylgjandi siturlögnum og voru tengdar rafmagni og starfandi. Búið var að koma niður ofanvatnslögn ásamt grjótsvelg til að taka ofanvatn frá húsunum en eftir var að tengja ofanvatnið við lögnina við húsin. Lokafrágangur á mold á yfirborði og sáning/þökulagning var líka eftir. Til stendur að framkvæma þessi verk þegar landið þornar betur. Það er mat heilbrigðisfulltrúa að búið sé að fara að kröfum um úrbætur þótt lítilsháttar yfirborðsfrágangur sé eftir. Lagt var fram bréf frá Fylki vegna ógreiddra dagsekta dagsett 27. apríl 2021.

„Framkvæmdastjóra falið að komast að samkomulagi við Fylki.“

6. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2020.

Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2020 var lögð fram.

7. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2020.

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2020 lagður fram.

8. Önnur mál.

- a) Lögð fram samantekt Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til MAST fyrir ársskýrslu um matvælaeftirlit á Íslandi árið 2020 skv. landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA).
- b) Lögð fram skýrsla Umhverfisstofnunar um niðurstöður svifryksmælinga við Brúarland á tímabilinu 22. maí 2019 til 9.júlí 2020.

Fundi var slitið kl. 19:00.